

Alþingi
Erindi nr. P 122/1093
komudagur 10.3.198

Reykjavík, 6. mars 1998.

Áslaug Árnadóttir,
ritari allsherjarnefndar.

F.h. Skylmingafélags Reykjavíkur langar mig til að tjá mig um frumvarp til vopnalaga og bera fram þá ósk að við 4.d.- lið 30. gr. bætist málsliðurinn: "Þetta tekur ekki til sverða sem ætluð eru til æfinga eða keppni í skylmingum" samanber 6.-lið f*.

Auðvitað eru slík sverð ekki hættuleg og næstum ómögulegt að deyða eða skaða nokkurn með þeim en smámunasamir tollverðir á Keflavíkurvelli hafa oft verið til verulegra vandræða þegar verið er að koma eða fara með slíka gripi, þetta heitir nú SVERÐ og hlýtur þar af leiðandi að vera vopn. Það hefur verið hallærislegt að standa í samningaviðræðum við þá um að hleypa erlendum keppendum inn í landið með þessi stórhættulegu vopn (sem eru bæði bit og egglaus).

Kær kveðja,
Þórdís Kristleifsdóttir, ritari Skylmingafélags Reykjavíkur.

* Vopnaburður á almannafæri er bannaður. Heimilt er að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hætt er því samfara.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum:

...
4.d. sverð, sem eru sambland högg- og bitvopna. "Þetta tekur ekki til sverða sem ætluð eru til æfinga eða keppni í skylmingum."

5.e. kaststjörnu, kastníf eða önnur slík vopn,

6.f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi.